

**Fundur í skólanefnd Kvennaskólans í Reykjavík haldinn fimmtudaginn 12. febrúar 2021 kl. 15:00 í netheimum í gegnum TEAMS.**

Mætt voru: Eva Einarsdóttir formaður,  
Örn Þórðarson, aðalfulltrúar Reykjavíkurborgar  
Eiríkur Orri Agnarsson,  
Stefán Hilmarsson,  
Sjöfn Þórðardóttir, fulltrúar mennta- og menningamálaráðuneytisins  
Ásdís Arnalds, áheyrnarfulltrúi starfsmanna  
Kolbeinn Freyr Björnsson, áheyrnarfulltrúi nemenda  
Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari  
Guðný Rún Sigurðardóttir, fjármála- og skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. Skólastarfið síðustu og næstu vikur**

Búin að kenna fjórar vikur með blöndu af fjar- og staðnámi. Frá síðasta mánudegi, 8. febrúar, hafa allir mætt í skólann í sína föstu stofu. Í næstu viku eru valkynningar og Tjarnardagar, mánudaginn 22. feb. hefst hefðbundið skólahald með hefðbundu stofufyrirkomulagi. Allir með grímur, miklar sóttvarnir. Mötuneytið verður opnað 22. febrúar fyrir sölu á tilbúnum réttum, samlokum, mjólkurvörum o.þ.h.. Núverandi sóttvarnarreglur gilda til 3. mars, búið að óska eftir hugmyndum skólastjórnenda um forgangsröðun hvað varðar afléttingu og snýr að skólahaldi. Enginn nemandi óskað eftir að sækja ekki skóla á forsendum heilsu eða veiruótta.

**2. Jafnlaunavottun**

Jafnlaunavottunin komin í hús, búið að fara í gegnum eina launagreiningu þar sem launamunur er innan markmiða eða 2%.

**3. Staða framkvæmda við hús skólans**

Skólameistari birti skema af viðhaldsverkefnum sem eru framundan og hverjum er lokið. Búningsklefar í Miðbæjarskóla tilbúnir sem var stærsta einstaka verkefni ársins 2020. Næsta stóra verkefni er klæðning á ytra byrði Miðbæjarskólans. Auk þess verður sett lyfta í húsið við Þingholtsstræti sem auðveldar skólanum að bjóða hreyfihamlaða velkomna í skólann. Verið er að undirbúa uppsetningu á hleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla á bílastæðum við Miðbæjarskóla.

#### **4. Viðbragðsáætlun vegna vár og ógnana**

Komið út sameiginlegt plagg fyrir alla framhaldsskóla á Íslandi. Í því er útlistað hvernig bregðast á við í skólanum við hvers konar atvikum sem upp geta komið í skólastarfinu. Hver skóli þarf að aðlaga þetta að sínu starfi. Skólar hafa verið berskjaldaðir, allar dyr opnar. Spurning um hvort þörf er á rafrænum aðgangi allra að húsunum og hafa þau læst.

#### **5. Fjármál skólans og niðurstaða ársins 2020**

Niðurstaða ársins er 65 milljóna kr. halli. Viðræður að hefjast við MMRN um leiðir til úrbóta og lausna.

#### **6. Önnur mál**

- Skólafundur var haldinn 5. febrúar s.l. en skólafundur skal halda einu sinni á ári þar sem allir starfsmenn eru boðaðir til fundar auk fulltrúum nemenda. Á fundinum er farið yfir helstu mál í skólastarfinu á hverjum tíma.
- Bréf foreldris vegna óánægju með ferli máls er varðar mat fyrir áfanga í stærðfræði á haustönn 2020.  
Málinu vísað frá. Skólanefnd getur ekki tekið erindið fyrir þar sem það er ekki í verkahring skólanefndar að fjalla um mál af þessu tagi.
- Stytting vinnuvikunnar.  
Spurt um útfærslu á verkefnum um betri vinnutíma. Megin niðurstaðan er stytting um 3 klst. á viku fyrir starfsmenn utan KÍ samnings, tekið með í reikninginn dagar sem starfsmenn skóla hafa umfram aðra opinbera starfsmenn.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.